

Frumvarp til fjáralagalaga

fyrir

árin 1906 og 1907,

(Lagt fyrir alþingi 1909).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáralögum 16. nóv. 1907, fyrir árin 1906 og 1907 veitist 278,655 kr. 13 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 8. gr. fjáralaganna veitast:

Við tölulið 5. til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	kr. 1,345,39
Við tölulið 7. til viðhalds stjórnarráðshússins... ..	— 1,917,99
	<hr/>
	Kr. 3,263,38

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjáralaganna veitast:

Við B. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1 b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna	kr. 5,658,66
Við tölulið 1 e. til pappírs og prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur	— 1,142,46
Við tölulið 1 d. flutningsgjald með póstum	— 872,45
Við tölulið 1 e. til að gefa út registur við stjórnartíðindin...	— 799,20
Við tölulið 3. fyrir 3 kemiskar slökkvidætur	— 500,93
	<hr/>
	Kr. 8,973,70

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:

Við tölulið 1 b.	1. handa póstafréiðslumönnum utan Reykjavíkur.....	kr.	368, »	
— — 1 c.	handa brjefhirðingamönnum	—	603, »	
— — 2.	Póstflutningur	—	9,013,25	
— — 4 d.	fyrir prentun á ýmsu	—	12,547,17	
	e. til áhalda	—	4,063,50	
	f. til brjefburðar í Reykjavík	—	400, »	
	h. óviss útgjöld	—	514,55	
	i. til viðhalds húsi og áhöldum	—	2,462,36	kr. 29,971,73

Við B. Til vegabóta:

Við tölulið 1 b.	ferðakostnaður verkfræðings...	kr.	616,19	
— — 3	til flutningabrauta	—	30,305,72	
— — 6	til áhaldakaupa- og verkfæra...	—	9,758,22	
	Eftirstöðvar af kostnaði við Lagarfljótsbrú ..	—	3,425,75	
	Kostnaður við brúargjörð á Hvitá og Tungufljót	—	10,089,09	— 54,194,97

Við D, Til ritsíma og málþræða:

Við tölulið 2—3.	Til landsímalagningar frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur...	kr.	67,527,57	
— — 4.	Til að mæla upp landsímalínuna og setja upp kílómetramerki ..	—	1,733,46	
— — 5.	Til starfresturslandsímasambandsins	—	3,772,30	— 73,033,33

Við E. Til vita:

Við staflíð d. 7.	Til að byggja varðklefa við vitann á Skagatá ...	kr.	388,45	
— — m.	Til að byggja vita í Vestmanneyjum	—	363,25	— 751,70
				kr. 157,951,83

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála veitast:

Við B. III. c. 3.	viðgjörð á húsi hins almenna mentaskóla ...	kr.	17,777,69	
— — V. b.	ýmisleg útgjöld stýrimannaskólans ..	—	149,59	

Við sama lið sbr. fjárukalög fyrir árin 1906 og 1907, 16. nóvbr. 1907, til stækkunar og endurbóta á kjallaranum undir stýrimannaskólanum ...	—	366,07	
			kr. 18,293,35

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við tölulið 2. ferðakostnaður verkfræðingsins	kr.	178,95
— — 6. til útrýmingar fjárkláðanum	—	52,389, »
Leiga fyrir Gullfoss frá $1/9$ — $31/12$ 1907	—	100, »
		<hr/> Kr. 52,667,95

7. gr.

Í viðbót við gjöld þau, er ræðir um í 18. gr. fjárlaganna veitast:

1. Fyrir gullkrans á kistu konungs og önnur útgjöld í tilefni af andláti hans	kr.	2,694,15
2. Kostnaður við millipinganevnd í kirkjumálum	—	778,79
3. Fyrir gullúr með ágreftri sem verðlaun fyrir að bjarga skipshöfn úr sjávarhásku	—	225, »
4. Styrkur til Sigurðar Pjeturssonar til að kynna sjer fangavarðarstörf erlendis	—	500,00
5. Fyrir einkennisbúning handa fangaverði	—	102,25
6. Andvirði fyrir smásjá handa dýralækni	—	300, »
		<hr/> Kr. 4,600,19

8. gr.

1. Í viðbót við styrk þann, er sjera Gisla Skúlasyni var veittur með fjáraukalögum 20. október 1905, fyrir árin 1904 og 1905, til utanfarar til að læra að kenna heyrnar- og mállausum veitast 400 kr.

9. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt var í fjáraukalögum 16. nóvbr. 1907 fyrir árin 1906 og 1907 veitast:

1. Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi	kr.	2,800, »
2. Til að byggja húsi undir áhöld landsjóðs	—	639,72
		<hr/> Kr. 3,439,72

10. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt er til að koma upp geðveikrahæli og útbúa það, sbr. lög nr. 33, 20. okt. 1905, veitast kr. 9,285,01.

11. gr.

Sem viðbót við útgjöld landssjóðs á árunum 1906 og 1907 veitast:

1. Andvirði 2 húsa á Þingvöllum, sem byggð voru í tilefni af komu konungs og rikisdagsmannanna	kr.	15,000, »
2. Fyrir 2 vagna, er keyptir voru konungi til afnota	—	4,780, »
		<hr/> Alls kr. 19,780, »

Stjórninni veitist heimild til þess að selja ofangreind hús fyrir það verð, er 2 dómkvaddir menn meta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarps þessa, skal til skýringar vísað sumpart til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið fyrir árin 1906 og 1907, sumpart til athugasemda yfirskoðunarmanna landsreikninganna, svara til þeirra og tillagna endurskoðunarmanna; þó skal sjerstaklega fram tekið, að vegna komu konungs og rikisdagsmannanna þótti alveg óhjákvæmilegt að setja brýr á Hvitá hjá Brúarhlöðum og á Tungufljót, en þar sem þetta er varanleg samgöngubót, þótti ekki rjett að telja þetta móttökukostnað. Sama er að segja um upphæð þá, er gengið hefur til aðgjörða á húsi hins almenna mentaskóla. Þó að ekki hefði þurft að útbúa húsið til hæfilegs bústaðar fyrir konung var viðgjörð á því og lóðinni nauðsynleg.

Þá er í 11. gr. frumvarpsins farið fram á, að veitt sje 15,000 kr. sem andvirði 2 húsa, sem reist voru á Þingvöllum eftir ráðstöfun móttökunefndarinnar og 4,780 kr. fyrir 2 vagna, sem keyptir voru konungi til af nota. Í hús þessi hefur enn ekki fengist viðunanlegt boð, en þareð fjárlaganefndir beggja deilda alþingis 1907 ætluðust til þess að hús þessi skyldu ekki rifin fyrst um sinn, þá er farið fram á sjerstaka fjárveitingu fyrir andvirði þeirra. Verðið er sett nokkuð af handahófi, er ekki meira en helmingur af því, er húsin að viðbættum flutningskostnaði, hafa kostað, og hefur því þótt rjett að taka fram, að stjórninni veitist heimild til þess, að selja húsin eftir virðingu 2 dómkvaddra manna. Sömuleiðis talaðist svo til við fjárlaganefndirnar, að umræddir vagnar væru ekki seldir, heldur ætti landið þá til frambúðar.
